



## FJÖLMIÐLANEFND

5. mars 2014

Álit nr. 2/2014

### Umfjöllun um einkalíf barns í hljóðvarpsþættinum Grínistar hringborðsins á Rás 2 Ríkisútvarpsins

#### I. Kvörtun

##### 1.

Fjölmiðlanefnd barst kvörtun með bréfi dags. 22. október 2013 frá [ ]<sup>1</sup>, f.h. ólögráða sonar þeirra [ ]<sup>2</sup> vegna umfjöllunar um hann í útvarpsþættinum Grínistar hringborðsins þann 14. september 2013 á Rás 2.

Að mati kvartenda fól umfjöllunin í sér að Ríkisútvarpið ohf. (hér eftir Ríkisútvarpið) hafi brotið gegn 26. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla sem fjallar um lýðræðislegar grundvallarreglur. Umfjölluninni í þættinum er lýst með eftirfarandi hætti í kvörtuninni:

*Samkvæmt fyrirliggjandi hljóðupptöku var sonur umbjóðenda minna, sem er 14 ára gamall, hæddur og smánaður í beinni útsendingu á þann hátt að ekki verði við unað. Hann var ásamt öðru ólögráða ungmenni sakaður um glæpsamleg athæfi, þeir kallaðir „aumingjar“, „pizzaface“ og „kúkalabbar“ auk þess sem var gert lítið úr þeim á ýmsa aðra vegu, þ.á.m. ýjað að vangetu þeirra í skóla. Til að kóróna þau ósmekklegu ummæli sem aðilar létu sér um munn fara þá var sonur umbjóðenda minna sérstaklega nafngreindur og þess skilmerkilega getið í hvaða bekk hann væri og í hvaða skóla!*

Í bréfi kvartenda kemur fram það mat þeirra að Ríkisútvarpið virðist líta svo á að það beri enga ábyrgð á tilgreindum útvarpsþætti og vísi til ábyrgðar einstakra viðmælenda. Fram kemur að þótt fallast megi á að einstakir viðmælendur beri sjálfir refsí- og bótaábyrgð á ummælum sínum þá komi slík ábyrgð ekki í veg fyrir að fjölmiðlaveitan sjálf skuli einnig virða mannréttindi og friðhelgi einkalífs, sbr. 26. gr. laga um fjölmiðla. Það hafi ekki verið gert heldur hafi í heilar 7 mínútur verið hjakkað í sama farinu með fremur lágkúrulegum athugasemdum um ólögráða ungmenni og gagnert verið að hæða þau og smána að því er virðist. Slík framkoma eigi ekki að líðast hjá fjölmiðlaveitu og allra síst hjá þjóðarmiðlinum, Ríkisútvarpinu, sem hafi ákveðnum

1 Fellt út vegna trúnaðar.

2 Fellt út vegna trúnaðar.



## FJÖLMÍÐLANEFND

samfélagslegum skyldum að gegna sbr. lög nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu.

Að mati kvartenda er bent á að auk meintra ærumeiðandi ummæla í þættinum sem kunni að falla undir almenn hegningarlög nr. 19/1940 og barnaverndarlög nr. 80/2002, feli ásakanir um glæpsamlega háttsemi í sér brot á friðhelgi einkalífs sbr. 71. gr. stjksr. sbr. lög nr. 33/1944, 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu sbr. lög nr. 62/1994 auk brots á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það sé því tvímælalaust að almennar og lýðræðislegar grundvallarreglur í réttarríki hafi sannanlega verið brotnar í útvarpsþættinum Grínistar hringborðsins og á því beri Ríkisútvarpið fulla ábyrgð.

Að lokum er tekið fram í kvörtuninni, að gefnu tilefni, að kvartendur hafi mótttekið skriflega afsökunarbeiðni þess einstaklings er hafði sig mest í frammi og sé þess vænst að máli þeirra í millum ljúki með sátt utan réttar.

### 2.

Málsatvik voru þau að í þættinum Grínistar hringborðsins var þáttastjórnandi með tvo gesti í útsendingu. Sagði annar gestanna frá það að veski hans hafi verið stolið af tveimur unglingsdrenkjum. Þáttastjórnandi spurðist fyrir um atvikið og lýsti gesturinn því sem fram fór og spunnust allangar umræður um málið í þættinum.

Gesturinn upplýsti um nafn annars drengsins, tilgreindi bekk hans og skóla, en upplýsingarnar voru aðgengilegar í námsbókum sem drengurinn hafði gleymt á vettvangi. Í umfjölluninni kom jafnframt fram það sjónarmið að drengirnir hefðu ekki komist mikið lengra en að merkja bækur sínar eftir að þáttastjórnandinn spurði gestinn hvort lesa mætti það að drengirnir væru ekki miklir námsmenn.

Einnig kom fram sú skoðun gestsins að nú væri auðvelt að finna þjófna og hefði gesturinn verið í samband við drengina m.a. á *Facebook*. Í umræðum kom fram að hinn nafngreindi drengur hafi verið fjórtan ára en hinn sautján ára. Í kjölfarið var rætt um hvort slík vinátta væri vafasöm.

Á meðan umræðum stóð spurði þáttastjórnandinn bæði spurninga um atvikið og um framvindu málsins en einnig hvort það gæti verið að einhver annar hafi stolið veskinu. Í umræðunum voru drengirnir kallaðir „pizzaface“ og „kúkalabbar“ og þá upplýsti gestur þáttarins að málið hafi endað á rannsóknalögregludeild til að gefa skýrslu til barnaverndar. Gestur þáttarins lauk síðan frásögninni á því að segja stuttlega frá því þegar hún hringdi í drengina. Að því loknu endaði þáttastjórnandinn umræðurnar á orðunum „Váá – þetta er meiriháttar, ha!“



## FJÖLMIÐLANEFND

### II. Sjónarmið málsaðila

#### 1.

Með bréfi fjölmiðlanefndar til Ríkisútvarpsins þann 26. nóvember 2013 kom fram að brot á ákvæði 26. gr. varði hvorki stjórnvaldssektum né refsingu skv. 54. og 56. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla en fjölmiðlanefnd hafi heimild til að ljúka málum vegna brota á lögnum með birtingu áhlits skv. 3. mgr. 11. gr. laganna. Í bréfi fjölmiðlanefndar kom fram að nefndin teldi það koma til álita að gefa út álit og veitti Ríkisútvarpinu færi á að koma að sjónarmiðum sínum vegna kvörtunarinnar.

Með bréfi Ríkisútvarpsins dags. 10. desember 2013, kom fram að af hálfu Ríkisútvarpsins yrði ekki leitast við að verja framgöngu þátttakenda í nefndum útvarpsþætti, enda væru ábyrgðarreglur laga um fjölmiðla, byggðar á hinu belgíska ábyrgðarkerfi skýrar um það hver bæri ábyrgðina.

Ríkisútvarpið bæri ekki ábyrgð á því sem utanaðkomandi verktakar létu frá sér í eigin nafni um bylgjur ljósvakans og það að gefa slíkum aðilum kost á að koma fram í dagskrá, geti hvorki talist brot á lýðræðislegum grundvallarreglum, né fellt ábyrgð á Ríkisútvarpið, misfari þeir með það traust sem þeim sé með því sýnt.

#### 2.

Kvartendum var veitt tækifæri til að koma að sjónarmiðum vegna svarbréfs Ríkisútvarpsins með bréfi fjölmiðlanefndar dags. 18. desember 2013.

Í bréfi kvartenda dags. 13. janúar 2014 var vísað til fyrri athugasemda. Þá bentu kvartendur á að í 26. gr. laga um fjölmiðla væri skýrt kveðið á um að fjölmiðlaveitur skuli virða mannréttindi og friðhelgi einkalífs. Það hafi ekki verið gert í nefndum útvarpsþætti og á því beri Ríkisútvarpið ábyrgð.

Í bréfinu kom fram að Ríkisútvarpið beri samfélagslegar skyldur samkvæmt lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu. Það geti þar af leiðandi ekki skýlt sér á bak við ábyrgð einstakra þátttakenda. Ríkisútvarpið sé þjóðarmiðill og beri að rækja hlutverk sitt af fagmennsku, metnaði, heiðarleika og virðingu, sbr. 1. gr. þeirra laga og skv. 4. mgr. 3. gr. skuli Ríkisútvarpið vera til fyrirmyndar um gæði og vinnubrögð.

Þá var tekið fram í bréfinu að gert hafi verið samkomulag við þann gest sem hafði sig mest í frammi og sé málinu lokið hvað hann varðar.

#### 3.



## FJÖLMIÐLANEFND

Með bréfi fjölmiðlanefndar til Ríkisútvarpsins dags. 23. janúar 2014 tilkynnti nefndin að ákveðið hefði verið m.a. í ljósi sérstakra lögbundinna skyldna sem hvíla á Ríkisútvarpinu skv. lögum nr. 23/2013 að taka til skoðunar hvort Ríkisútvarpið hefði brotið gegn ákvæði 26. gr. laga um fjölmiðla og gefa út álit teldi nefndin að um brot væri að ræða.

Í bréfi fjölmiðlanefndar til Ríkisútvarpsins var vísað til V. kafla laga um fjölmiðla nr. 38/2011 sem fjallar um réttindi og skyldu fjölmiðlaveitna. Í 26. gr. laganna segir m.a. að fjölmiðlaveita skuli í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skuli virða mannréttindi og jafnrétti, og einnig friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars.

Í bréfinu var bent á að í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 23/2013 sé Ríkisútvarpinu gert að fylgja ákveðnum reglum í starfsháttum sínum sem eru m.a. að vera til fyrirmyndar um gæði og fagleg vinnubrögð, ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð og sanngirni sé gætt í framsetningu og efnistöfum. Þá er Ríkisútvarpinu gert í starfsháttum sínum í 4. tölul. 4. mgr. 3. gr. laganna að virða friðhelgi einkalífsins í fréttum og dagskrárefni nema lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Brot á ákvæðinu varði ekki viðurlögum en fjölmiðlanefnd sé gert að leggja árlega mat á það hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannatjónustuhlutverk sitt skv. 3. gr. laganna, skv. ákvæði 15. gr. Þannig skuli fjölmiðlanefnd m.a. meta hvort Ríkisútvarpið í starfsháttum sínum virði friðhelgi einkalífs í fréttum og dagskrárefni nema lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Meðal annars með hliðsjón af þessum sérstöku lögbundnu skyldum ákvað fjölmiðlanefnd að taka til skoðunar hvort Ríkisútvarpið hefði brotið gegn ákvæði 26. gr. laga nr. 38/2011.

Í bréfinu óskaði fjölmiðlanefnd sérstaklega eftir sjónarmiðum Ríkisútvarpsins um það hvort það telji að þau ummæli sem kvartað var undan í þættinum Grínistar hringborðsins og varði son kvartenda hafi falið í sér brot á friðhelgi einkalífs hans. Þá óskaði nefndin einnig eftir sjónarmiðum Ríkisútvarpsins um það hvort og þá að hvaða leyti Ríkisútvarpið teldi að upplýsingaréttur almennings og lýðræðishlutverki Ríkisútvarpsins hafi krafist umfjöllunarinnar.

Í bréfi fjölmiðlanefndar var vísað til þess að Ríkisútvarpið teldi að það bæri ekki ábyrgð á því sem utanaðkomandi verktakar létu frá sér í eigin nafni. Fjölmiðlanefnd óskaði eftir því, í ljósi þessa og á grundvelli þeirrar skyldu sem lögð er á Ríkisútvarpið í 4. tölul. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 23/2013, hvort og þá hvernig Ríkisútvarpið í



## FJÖLMIÐLANEFND

starfsháttum sínum virði friðhelgi einkalífs í dagskrárefni. Þá var ennfremur óskað skýringa á tilgreindu sjónarmiði í ljósi þess að ákvæði 26. gr. leggur skyldu á Ríkisútvarpið að virða friðhelgi einkalífs og hvort og þá hvernig Ríkisútvarpið telji að staða dagskrárgerðarfólks sem verktaka losi félagið undan lögbundnum skyldum, bæði skv. lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 og lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu. Þá var Ríkisútvarpinu ennfremur veitt færi á að koma að sjónarmiðum við bréf kvartenda dags. 13. janúar 2014.

### 4.

Með bréfi Ríkisútvarpsins til fjölmiðlanefndar dags. 6. febrúar 2014 bárust svör við bréfi nefndarinnar dags. 23. janúar 2014. Fram kom að Ríkisútvarpið teldi að ummælin sem kvartað var undan fælu í sér brot á friðhelgi einkalífs sonar kvartenda. Þá hafi hvorki upplýsingaréttur almennings né lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins krafist umfjöllunarinnar. Jafnframt kom fram að stjórn og starfandi útvarpsstjóri harmi að þetta hafi átt sér stað.

Varðandi það hvernig Ríkisútvarpið í starfsháttum sínum virði friðhelgi einkalífs í dagskrárefni kom fram að helst reyndi á álitaefni sem þessi við fréttáflutning og tengda umfjöllun. Þá var bent á að í reglum félagsins á því sviði sé að finna fyrirmæli um að gæta þessara sjónarmiða.

Í bréfi fjölmiðlanefndar var ennfremur óskað eftir afstöðu Ríkisútvarpsins til þess hvort og þá hvernig það telji að staða dagskrárgerðarfólks sem verktaka losi félagið undan lögbundnum skyldum, bæði skv. lögum nr. 38/2011 og lögum nr. 23/2013. Svar forsvarsmanns félagsins var að hann aðhylltist ekki slíkar skoðanir.

Í bréfi Ríkisútvarpsins var bent á að sá einstaklingur sem viðhafði hin ósæmilegu ummæli greint sinn og nafngreindur sé í bréfi kvartenda, hafi komið fram sem gestur í þættinum í boði umsjónarmanns og hafi því ekki verið dagskrárgerðarmaður. Það að hann skyldi bregðast því trausti sem umsjónarmaður sýndi honum með greindu boði sé að sönnu miður, en Ríkisútvarpið geti ekki borið ábyrgð á því þegar utanaðkomandi aðilar fari út fyrir velsæmismörk í beinni útsendingu. Flutt hafi verið gamanmál sem hafi farið úr böndum. Ætla verði hverjum heilbrigðum og skynsömum manni að gæta að sér í þeim efnum og ábyrgjast eigin orð og gerðir.

## III. Álit fjölmiðlanefndar

### 1.

Í 26. gr. laga um fjölmiðla segir m.a. að fjölmiðlaveita skuli í starfi sínu halda í heiðri



## FJÖLMIÐLANEFND

Lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skuli virða mannréttindi og jafnrétti, og einnig friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 23/2013 segir að öðru leyti en fram komi í þeim lögum gildi um Ríkisútvarpið lög um fjölmiðla nr. 38/2011 að undanskildri 16. og 52. gr.

Engin viðurlög eru við brotum á ákvæði 26. gr. laga um fjölmiðla en fjölmiðlanefnd er heimilt að ljúka málum vegna brota á lögnum með birtingu álots. Á það jafnt við um erindi sem fjölmiðlanefnd berast og þau sem hún tekur upp að eigin frumkvæði, skv. 3. mgr. 11. gr. sbr. lög nr. 54/2013 með breytingu á lögum nr. 38/2011.

Í 4. tölul. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, segir að Ríkisútvarpið skuli í starfsháttum sínum virða friðhelgi einkalífsins í fréttum og dagskrárefni nema lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Engin viðurlög eru við ákvæðinu en fjölmiðlanefnd skal árlega meta hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannabjónustuhlutverk sitt skv. 3. laganna.

### 2.

Í umræðu í þættinum Grínistar hringborðsins þann 14. september sl. á Rás 2 var fjallað um nafngreindan dreng. Í þættinum var fjallað um einkalíf hans, þar sem m.a. ýmis ummæli voru látin um hann falla og fjallað um atburð sem leiddi til þess að mál drengsins kom á borð lögreglunnar og barnaverndar samkvæmt frásögn gests þáttarins.

Að mati fjölmiðlanefndar var friðhelgi einkalífs drengsins ekki virt með umræðunni og þá verður umfjöllunin hvorki réttlætt með vísan til lýðræðishlutverks fjölmiðlaveitunnar né upplýsingaréttar almennings enda ekki á nokkurn hátt séð að umfjöllunin hafi tengst almennri þjóðfélagsumræðu. Tilætlun umfjöllunarinnar virðist hafa verið sú að fara með frásögn sem átti að hafa einhvers konar skemmtanagildi enda þátturinn kynntur sem grínþáttur af hálfu Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið hefur með bréfum sínum til fjölmiðlanefndar viðurkennt að með umfjölluninni í þættinum hafi verið brotið gegn friðhelgi einkalífs sonar kvartenda og hafi hvorki lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitunnar né upplýsingaréttur almennings krafist þess. Stjórn og starfandi útvarpsstjóri harmi að þetta hafi átt sér stað.

Að mati Ríkisútvarpsins beri það aftur á móti ekki ábyrgð á því sem utanaðkomandi verktakar láti frá sér í eigin nafni. Þá verður svar Ríkisútvarpsins ekki skilið öðruvísi en að forsvarsmaður þess aðhyllist ekki þær skoðanir að staða dagskrárgerðarfólks sem verktaka losi félagið undan lögbundnum skyldum sínum. Jafnframt er bent á að sá



## FJÖLMIÐLANEFND

gestur sem lét ummælin falla hafi verið gestur en ekki dagskrárgerðarmaður og geti Ríkisútvarpið ekki borið ábyrgð á því þegar utanaðkomandi aðilar fari út fyrir velsæmismörk í beinni útsendingu.

Vegna þessa telur fjölmiðlanefnd rétt að benda á að ákvæði 26. gr. laga nr. 38/2011 leggur þá skyldu á fjölmiðlaveitu að virða friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars.

Að mati fjölmiðlanefndar getur Ríkisútvarpið ekki vikið sér undan lögbundnum skyldum þó að þátttakendur í útvarpsþætti séu verktakar en ekki starfsmenn þess. Ríkisútvarpið skal, með þeim hætti sem það telur árangursríkastan, tryggja að ákvæði 26. gr. laga nr. 38/2011 sé virt auk þess sem Ríkisútvarpinu ber almennt í starfsháttum sínum að gæta að friðhelgi einkalífs í dagskrárefni skv. lögum nr. 23/2013. Sú ábyrgð verður ekki yfirfærð á gesti eða aðra utanaðkomandi aðila. Vissulega getur þó svo háttað til í einstökum tilvikum að Ríkisútvarpið geti ekki uppfyllt ákvæði 26. gr. laga um fjölmiðla. Slíkt á hinsvegar ekki við í þessu tilviki, m.a. vegna þess að um dagskrárlið var að ræða undir stjórn þáttastjórnanda þar sem gestir fengu greiðslu fyrir þátttöku sína. Þá hafi þáttastjórnandi með spurningum sínum óskað frekari upplýsinga um atvik og framvindu málsins og þannig ekki reynt að gæta að hagsmunum drengsins sem um var rætt. Það er því álit fjölmiðlanefndar að með umfjöllun í þættinum Grínistar hringborðsins þann 14. september 2013 hafi verið brotið gegn friðhelgi einkalífs þess drengs sem fjallað var um og Ríkisútvarpið þar með brotið gegn ákvæði 26. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla.

**Álit fjölmiðlanefndar er að Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 26. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 í þættinum Grínistar hringborðsins þann 14. september 2013.**

Karl Axelsson

Vilhjálmur V. Vilhjálmsson

Arna Schram

Hulda Árnadóttir